

Nefndasvið Alþingis

Akureyri, 1. mars 2016  
Tilv.: 1603002

**Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri um 131. mál frá nefndasviði Alþingis, tillaga til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs**

Eftirfarandi er umsögn Háskólans á Akureyri til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs, 131. mál:

Háskólanum á Akureyri hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar (þingskjal 131) um stofnun loftslagsráðs.

Meginhlutverk ráðsins er skilgreint mjög þröngt, þ.e. að gera ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Betra væri að segja að ráðið eigi að benda á mögulegar leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en ekki að ráðið eigi að gera ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Rétt væri að útvíkka hlutverk ráðsins og gera það almennara með því að takmarka ekki viðfangsefni þess við losun gróðurhúsalofttegunda. Hér mætti líka benda á að það sé tekið skýrt fram að ráðið eigi líka að meta bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Ráðið gæti líka haft það hlutverk að fylgjast með loftslagsmálum almennt eins og nefnt er í ályktuninni og mætti í því sambandi einnig taka til súrnunar sjávar, þróun þessara mála bæði hér á landi og á heimsvísu. Þá má benda á að efnahagslögsaga Íslands er um 7 sinnum stærri að flatarmáli en landið sjálft og ástandið í hafinu í kringum landið er afgerandi fyrir veðurfar á landinu. Því væri eðlilegt að þær stofnanir sem eru að rannsaka hafið við Ísland ættu fulltrúa í þessu ráði. Í því sambandi má nefna auðlindadeild Háskólans á Akureyri og Hafrannsóknastofnun. Að gefnu tilefni, sem er þingskjal 160, þar sem lögð er til skipan starfshóps til að vinna aðgerðaáætlun um viðbrögð við súrnun sjávar á norðurslóðum má benda á að auðvelt væri að sameina þessa tvo hópa og forðast þannig tvíverknað.

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Guðmundsson, rektor